

Háskóli Íslands – Menntavísindasvið

Uppeldis- og menntunarfræðideild

*Kenningar og rannsóknir um skóla án*

*aðgreiningar – SKF13F*


Kennarar: Dóra S. Bjarnason og

Hermína Gunnþórsdóttir

Haustönn 2009

# Innleiðing PALS kennsluaðferðarinnar í leikskólanum Huldubergi

- þróunarverkefni -



Inga Birna Sigfúsdóttir

Gerður Pálsdóttir

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur.....</b>	<b>3</b>
<b>Leikskólinn Hulduberg.....</b>	<b>3</b>
<b>Hvað er PALS (Peer-Assisted Learning Strategies)?.....</b>	<b>5</b>
<b>Rannsóknir.....</b>	<b>6</b>
<b>Markmið þróunarverkefnisins.....</b>	<b>7</b>
<b>Kenningar .....</b>	<b>8</b>
<b>Framkvæmd innleiðingarferlis .....</b>	<b>10</b>
<b>Lokaorð .....</b>	<b>13</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>14</b>

## **Inngangur**

Skóli án aðgreiningar er opinber menntastefna landsins og er hún bundin í alþjóðasamþykktir. Hún snýst um bætt menntun kennara, skipulag skóla, náms og kennslu sem hefur að leiðarljósi vandaða menntun allra, lýðræði og félagslegt réttlæti í skólum. Þessi menntastefna er meðal þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og yfirlýst menntastefna Evrópusambandsins og fjölmargra annarra ríkja og alþjóðastofnana (Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar; Ingólfur Á. Jóhannesson, 2006). Mikilvægur þáttur í stefnunni er samvinna og sífelld endurskoðun kennsluhátta ásamt þeirri grundvallarforsendu við skipulagningu náms fyrir alla nemendur, að kennarar séu opnir fyrir margbreytileikanum og meti og nýti í kennslu mismunandi hæfileika, áhuga og reynslu nemenda. Talið er að skóli sem leggur áherslu á að mæta þörfum einstaklingsins og fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluhætti stuðli að því að öll börn upplifi sig tilheyra hópnum sem fullgildir þátttakendur í umhverfi sínu og stuðli að vexti þjóðfélags án aðgreiningar (Ferguson, D. L., Ralph, G., og Sampson, N., 2002).

Með ofangreinda stefnu að leiðarljósi tókum við ákvörðun um val á efni þróunarverkefnis þessa, en það gengur út á innleiðingu PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) inn í einum leikskóla Mosfellsbæjar. PALS er fjölmennningarleg kennsluaðferð í hljóðkerfisvitund og lestrarkennslu. Börn með íslensku sem fyrsta eða annað mál þjálfu hvert annað í þörum. Rannsóknir sýna að allir nemendur græða hvort sem þeir eru með íslensku sem fyrsta eða annað tungumál. Í umræddri kennsluaðferð eru einnig aðferðir í stærðfræði- og skriftarkennslu en við munum einungis fjalla um hljóðkerfisvitund og lestrarkennslu hér. Hér er um að ræða aðferð þar sem nemendur þjálfu hver annan á jafningjagrundvelli. Einnig munum við setja kennsluaðferðina í fræðilegt samhengi út frá kenningum um kennslu og námi. Síðast en ekki síst komum við inn á hugleiðingar okkar um PALS aðferðina í leikskóla án aðgreiningar.

## **Leikskólinn Hulduberg**

Leikskólinn Hulduberg hóf starfsemi sína í nóvember 1999. Í dag eru sex deildir og þar af er ein deild eingöngu með elstu börnunum. Af 147 nemendum í heildina eru 33 börn í elsta árganginum. Það er sá hóp barna sem við munum einbeita okkur að í þróunarverkefni þessu. Leikskólinn lagði í byrjun upp með græna umhverfisvæna stefnu ásamt Framfarastefnunni, en síðan hafa bæst við hugmyndir um samvirkt nám í anda skóla án aðgreiningar (Heimasíða leikskólans Huldubergs. Um leikskólann, 2007).

Í aðalnámskrá fyrir leikskóla frá árinu 1999 kemur fram að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú. Þar segir enn fremur að leikskólanum beri að taka tillit til þess, í starfi sínu og skólanámskrágerð, að börn séu úr ólíkum fjölskyldugerðum og af ólíku bergi brotin. Börnin þurfa að finna að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Þá kemur fram að börn þurfi að læra að hægt sé að lifa saman í sátt og samlyndi þrátt fyrir að hver þjóð hafi sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem beri að meta og virða. Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað jafnt og þétt í leikskólum hér á landi og hefur færst í aukana að þau fái sérkennslu í íslenskunámi eftir bestu getu starfsmanna leikskóla, en þeir hafa lengi bent á að þá skorti þekkingu til að kenna íslensku sem annað tungumál (Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, 2007).

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í öllu leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðubáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni, en sá kafli tengist að okkar mati mjög lýðræðisumræðunni. Þar kemur fram að til að öðlast lífsleikni þurfi barnið meðal annars að læra að bera virðingu fyrir öðrum, sýna umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og menningu, þekkja sinn innri mann og styrkja sjálfstraust sitt, beita röklegri hugsun, spyrja spurninga og leita svara og að lokum er bent á mikilvægi þess að barnið búi yfir færni til samskipta og umgengni við félagana (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:16,19). Málörvun skipar stóran sess í öllu leikskólastarfi en Hulduberg hefur í gegnum árin notað kennsluefnið *Markviss málörvun* fyrir elsta árganginn. Starfsfólk Huldubergs hefur síðastliðið ár haft orð á þeirri löngun að færa það kennsluefni sem notað hefur verið frá 1999 úr *Markvissri málörvun* niður um einn árgang með það í huga að innleiða nýja kennsluáferð í íslenskri málrækt fyrir elstu börnin. Margs konar leikir og leikföng í leikskólanum búa barnið undir að læra að lesa og skrifa. Ýmsir samtengingar-, röðunar- og tölvuleikir skerpa formskyn barnsins og leikir með rím, tóna og takt auka hæfni þess til að átta sig á lestrarátt og að orð eru búin til úr hljóðum sem það þekkir. Það fær áhuga á texta bóka og tengir hann við talmálið. Áhugi þessi vex svo eftir því sem líða fer á leikskólaaldur og er oftast ekki orðinn mikill hjá elsta árgangi leikskólabarna (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:21). Þegar Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi hjá Reykjavíkurborg bauð skólaskrifstofu Mosfellsbæjar sl. vor að taka þátt í námskeiði um PALS aðferðina ásamt leik- og grunnskólum Akraness tók starfsfólk Huldubergs því fagnandi. Stýrihópur hefur verið stofnaður í Mosfellsbæ með það að markmiði að innleiða PALS aðferðina í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.

## Hvað er PALS (Peer-Assisted Learning Strategies)?

PALS aðferðin byggir á aðferðum samvinnunáms sem er nokkurs konar yfirheiti yfir margar kennsluáðferðir sem hafa hópvinna að leiðarljósi. Við samvinnunám vinna nemendur í hópum og eru samábyrgir fyrir því að leysa viðfangsefni sín og geta í raun ekki lokið þeim nema allir leggi sinn skerf til vinnunnar. Þeir eru því í raun háðir vinnuframlagi hvers annars að sameiginlegu markmiði. Samvinnunám hefur ætíð félagsleg markmið ekki síður en fræðileg og fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós að það skilar nemendum góðum árangri í námsgreinum og er ekki síður vel fallið til að kenna nemendum ýmsa félagslega færni s.s. samvinnu, tillitssemi, hjálpsemi, þolinmæði og getu til að leysa úr ágreiningi (Kluth, P., 2004 og Jón Baldvin Hannesson og Rúnar Sigbórsson, 2000). Sé fjölbreytileiki nemenda nýttur í samvinnunámi og verkefni gerð reglulega yfir skólaárið, fá nemendur frekar tækifæri til að efla félagsfærni sína. Nemendur ná þá að vinna saman sem einstaklingar, sem hluti af hóp og sem samstarfsfólk við að ná sameiginlegum markmiðum (Rix, J., 2003; Guðrún Pétursdóttir, 2003). Hlutverk kennara/þroskaþjálfara í samvinnunámi er fyrst og fremst verkstjórn, hvatning og að hafa áhrif á virkni þeirra sem standa höllum fæti innan hópsins. Sífelld er unnið með nemendum sem hafa „lága“ stöðu innan bekkjarins/deildarinnar. Í öllum undirbúningi er hugað að þeim mikilvæga þætti að breyta stöðu viðkomandi nemenda í hópnum. Skipulag og innihald verkefna sem og hlutverkaskipan tekur mið af því að hver og einn fái að njóta sín. Með því að nemendur geri sér grein fyrir styrkleikum sem hver og einn býr yfir eru meiri líkur til þess að þeir upplifi fjölbreytileikann sem kost fremur en galla. (Guðrún Pétursdóttir, 2003).

Einn af kostum PALS aðferðarinnar er að námsefnið er aðlagð getustigi hvers barns og kennarinn/þroskaþjálfinn hefur yfirsýn yfir mismunandi þarfir hvers barns hvort sem um tvítyngt barn er að ræða sem þarf á íslenskunámi að halda eða barn með þroskafrávik og/eða fötlun. Megintilgangur PALS aðferðarinnar er að styrkja getu þeirra sem vinna með börn í að mæta námsþörfum breiðs hóps barna (Fuchs, D., Fuchs, S. L., 2005). Hér er um félagslega nálgun að ræða í gegnum verkefni sniðin að þörfum hvers barns í gegnum samvinnunám. Félagleg staða hvers barns í sínum leikskóla og þær kringumstæður sem því eru skapaðar til virkrar þátttöku á eigin forsendum eru okkur ofarlega í huga. Til að leikskóli geti starfað í anda lýðræðis þarf að vera samfélag jafningja þar sem hver og einn getur litið á leikskólasamfélagið sem sanngjarnan samvinnuvettvang þar sem markmiðin eru aukinn þroski, haldbær þekking og margvísleg færni bæði félagsleg og einstaklingsbundin (Ballard, 2003). Það fylgir lýðræði í skólum, að allir sem hlutverk hafa þar, börn sem og fullorðnir,

komi að sköpun og finni til ábyrgðar til þátttöku þegar kemur að gæðum og framgangi skólastarfs. Ef vel á að vera er mikilvægt að byggja upp kerfisbundið tækifæri til þátttöku svo að lýðræði í skólum geti eflst. Þess ber þó að geta að þáttökulýðræði byggir á að félagsleg hæfni einstaklinganna verði virk í samskiptum allra þátttakenda sem jafnframt veita tækifæri til að þróa hana og efla (Wolfgang Edelstein, 2008).

PALS er viðbót við hefðbundna kennslu að því leytinu til að nemendur vinna í þörum með mismunandi hlutverk. Einn er þjálfinn og hinn er í þjálfun út frá einstaklingsmiðuðu verkefni í orðaforða og hljóðamyndun út frá stöfum og orðum. Verkefni miðast við getustig hvers og eins og því um einstaklingsbundið nám að ræða. Skipt er svo um hlutverk eftir ákveðinn tíma. Börnin veljast saman eftir því hvar þau eru stödd í hljóðkerfisvitund en einnig er mikilvægt að velja persónuleika sem passa saman. Ef upp kemur að parið á ekki saman einhverra hluta vegna þarf að sýna sveigjanleika og breyta fyrirkomulagi. PALS var upphaflega hannað til notkunar með öllum nemendum, frá leikskóla til framhaldsskóla. Í upprunalegri mynd var það þróað sem aðferð við að kenna fjölbreyttum nemendahópi, þ.m.t. nemendum sem læra annað tungumál en móðurmál sitt. Nemendurnir eru ekki teknir út úr bekknum/deildinni og kennt einum og sér heldur á jafningjagrundvelli. Tungumálið lærist þannig í gegnum virk og markviss samskipti nemenda sem læra sitt annað tungumál og þeirra sem eiga það að móðurmáli. Þessi nálgun er í anda fjölmenningarlegra kennsluhátta sem ganga m.a. út á samvinnunám og mikilvægi jákvæðra, innihalds- og árangursríkra samskipta nemenda sem tilheyra mismunandi samfélagshópum (Heimasíða PALS aðferðarinnar).

Námsgögn hafa verið þróuð fyrir öll skólastig, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Verkefnið byggir á lögmálum í kennslufræði ásamt jafningjafræðslu í gegnum samvinnunám. Kennsluleiðbeiningar ásamt verkefnablöðum hafa verið samdar og hannaðar fyrir öll skólastig í stærðfræði, hljóðkerfisvitund og lestri. Hver PALS kennslustund varir í 25 – 35 mínútur tvisvar til fjórum sinnum í viku og er ætlað að koma í stað hefðbundinnar lestrar- eða stærðfræðikennslu (Heimasíða U.S. Department of Education Institute of Education Sciences).

## Rannsóknir

Douglas Fuchs og Lynn S. Fuchs eru höfundar PALS aðferðarinnar. Eftir að hafa þróað námsefni fyrir lestrar- og tungumálanám ásamt kennsluaðferð byggðri á samvinnunámi fyrir börn á grunnskólaaldri ákváðu þau að þróa aðferðarfræðina með þarfir leikskólabarna í huga. Þegar þau fóru að skoða fræðin út frá fimm ára gömlum börnum kom í ljós að um mikla

áherslu á hljóðkerfisvitund er að ræða sem undirbúning fyrir hefðbundið lestrarnám. Þessi uppgötvun leiddi þau inná braut þriggja rannsókna með það að leiðarljósi að kanna hvort nauðsynlegt væri að þjálfa börn á leikskólaaldri í umskráningu (decoding) og hljóðgreiningu (sound play) sem undanfara lestrarnáms (Fuchs, D. og Fuchs S. L., 2005).

Nýjasta rannsóknin (2008) á notkun PALS með börnum á leikskólaaldri ber heitið *Peer-Assisted Learning Strategies: A „Tier 1“ Approach to Promoting English Learners' Response to Intervention*, og var hún unnin af Kristen L. McMaster, Marisa Cao, Shu-Hsuan Kung og Insoon Han. Núverandi stefna í sérkennslumálum leggur aukna áherslu á snemmtæka íhlutun og ábyrgðarhlut þeirra er koma að kennslu og þjálfun margbreytilegs nemendahóps með það að leiðarljósi að fækka tilvísunum nemenda af erlendum uppruna, sem og öðrum nemendum, í sérkennslu. Megintilgangur rannsóknarinnar var að árangursmæla útfærslu á K-PALS (Kindergarten PALS) með tvítýngdum börnum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu fram á að leikskólabörn sem fengu notið PALS aðferðarinnar voru betur undir lestrarnám búin vegna aukins styrks í hljóðkerfisvitund og tengslamyndun hljóðs og bókstafs. Þessar niðurstöður eru samhljóma niðurstöðum fyrri rannsókna (McMaster, Kristen L., Cao, Marisa, Shu-Hsuan Kung, Insoon Han., 2008).

## **Markmið þróunarverkefnisins**

Viðhorf til barna með sérþarfir er ein stærsta hindrunin í framkvæmd leikskóla án aðgreiningar og því þarf stöðug fræðsla að eiga sér stað meðal starfsfólks og leikskólastjórnenda (Allan, J., 2007). Í íslensku samfélagi hefur margbreytileikinn aukist undanfarin ár sem gerir það að verkum að leikskólasamfélagið er orðið fjölbreyttara vegna mismunandi þjóðerna, tungumála, náms- og félagslegra þarfa. Vilja sumir meina að hugtakið skóli án aðgreiningar hafi verið víkkað út og nái nú til alls konar hópa á jaðrinum (Cummings, Dyson og Millward, 2003). Þörfum barna sem eru fyrir ofan og neðan meðalgetustig barna almennt er oft ekki sinnt þar sem börn með meðalgetu fá oft en ekki mesta svörun á sínar námsþarfir. Hugsanlegt er að ástæðan sé að mörg börn eiga við lestrarörðugleika að etja og greinast gjarnan síðar með námsörðugleika (Fuchs, D., Fuchs, S. L., 2005).

Markmið verkefnisins er að innleiða PALS kennsluáferðina með það fyrir augum að gera fagfólk leikskólans Huldubergs færara í fjölmenningarlegum kennsluháttum tengdum hljóðkerfisvitund og hljóðamyndun í gegnum stafainnlögn. Einnig er hér um þjálfun í félagstengslum að ræða í gegnum samvinnunám. Þannig sjáum við starfsmannahópinn ná aukinni færni og þekkingu í námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál

og í raun nemenda með mismunandi þarfir. Jafnframt er verkefninu ætlað að skila gagnkvæmu félagslegu aðlögunarferli öllum nemendum til handa. Á Huldubergi eru alls þrjátíu og þrír starfsmenn en á elstu barna deildinni eru þeir fimm. Barnahópur deildarinnar er fjölbreyttur en eitt barn talar enga íslensku enn sem komið er og á það einnig við um foreldra og systkini þess og tvö börn eru tvítyngd. Átta börn hafa þurft á þjónustu talmeinafræðings að halda á síðastliðnum tveimur árum.

Hljóm 2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Leikskólinn Hulduberg hefur lagt fyrir Hljóm 2 á undanförunum árum, fyrirlögn er í október ár hvert og aftur í febrúar með þeim börnum sem sýndu slaka færni í fyrra prófi. Frá október til febrúar sjáum við fyrir okkur markvissar PALS vinnustundir í 20 vikur með öllum barnahópnum. Niðurstöður frá því í haust hjá umræddum barnahópi benda til þess að ellefu börn af þrjátíu og þremur séu með slæma eða mjög slæma hljóðkerfisvitund. Sterk tengsl eru talin á milli hljóðkerfisvitundar og málþroska og hefur það verið staðfest í mörgum rannsóknum. Einnig hefur verið sýnt fram á að náði samband er milli hljóðkerfisvitundar og lestrar. Börn sem eru með góða hljóðkerfisvitund læra fyrr og geta betur tengt hljóð og bókstaf og þeim gengur betur með hljóðunarferlið í lestarnáminu. Fjölmargar rannsóknir sýna að hægt er að þjálf hljóðkerfisvitund barna á leikskólaaldri og ef slíkt er gert gengur börnunum betur síðar að læra að lesa (Amalía Björnsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, 2002). Á þessum aldri eru börn farin að leika sér að tungumálinu á annan hátt en áður. Þau fara að búa til ný orð, leika sér að því að bullríma eða finna orð sem ríma saman og hver ekki. Þessi leikur að orðum og hljóðum er undanfari lestarnáms. Þær kenningar hafa verið settar fram á síðari árum að hægt sé, með fyrirbyggjandi aðgerðum, að fækka þeim börnum sem lenda í lestrarerfiðleikum (Amalía Björnsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir, 2002). Með því að nota niðurstöður úr Hljóm 2 prófunum er hægt að mynda gagnagrunn til samanburðar á næstu árum.

## **Kenningar**

Fræðimaðurinn John Dewey stuðlaði að samvirkni eða félagslegu samspili milli barnsins, uppalandans, nánasta umhverfis og samfélags. Í anda Dewey (1916) er lýðræðið skilgreint sem samfélag fólks sem býr yfir sameiginlegum skilningi og trausti og sem trúir á rétt hvernar manneskju til að tilheyra og taka þátt í sameiginlegum skuldbindingum. Að mati Dewey (1897/1973) menntast fólk við það að vinna saman. Starfsmenn elstu barna deildar Huldubergs og börnin á þeirri deild eru partur af samfélagi hvort sem það er innan leikskólans í heild, deildarinnar, heimilis hvers og eins eða samfélagsins alls.



Þegar hugtakið hugsmíðahyggja er skilgreint er það gert út frá því að nám einkennist af virkni nemenda, að nemendur byggja upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þeir lifa í og vinni lausnamiðaða verkefnavinnu (einir eða í hópi) ásamt því að nota gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu. Þarna er til að mynda ekkert rúm fyrir aðgreiningu og hver og einn fær notið sín á sínum forsendum en um leið sem partur af heildinni með virkri þátttöku í menningarsköpun þar sem gert er ráð fyrir að nám verði til í félagslegu og menningarlegu samhengi (Grétar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2007). Hið verklega og félagslega samspil sem skapast með PALS aðferðinni er drifkrafturinn í að þróa og auka færni allra barna. Þannig teljum við að um kennslufræðilega viðbót sé að ræða í verklagi í leikskólanum sem spornar enn frekar við aðgreiningu því börnin læra af hvert öðru með hvatningu og leiðsögn leikskólakennarans/þroskaþjálfans í gegnum einstaklingsmiðuð verkefni. Með þessum hætti teljum við leikskólann Hulduberg stuðla enn frekar að leikskólastarfi án aðgreiningar þar sem áherslan er á virka þátttöku og lýðræði í gegnum samvinnunám (Cummings, o.fl., 2003). Osler og Starkey (2005) telja að lýðræðislegur skóli bjóði upp á tækifæri til mikilla samskipta og samvinnu. Í slíkum skóla er áhersla á mannréttindi ofin inn í daglegar athafnir og reynslu. Þar er fólk ábyrgt gagnvart hvort öðru jafnt sem sjálfu sér. Ferguson er sama sinnis og telur mikilvægt að vekja fólk til umhugsunar og ýta undir samfélag fyrir alla því allir eiga að hafa sama rétt til að lifa í því eftir sinni getu, það eru mannréttindi hvers og eins. Þegar samfélag er fyrir alla eykur það samúð, kærleik og samskipti. Með skóla án aðgreiningar fá mismunandi hópar tækifæri til að vinna saman, kynnast hver öðrum og sjá lífið jafnvel í öðru ljósi en ef þeir væru alltaf með einsleitum hópi einstaklinga (Ferguson, D., 2006).

Atferliskenningin byggir meðal annars á kenningum Pawlov og Skinner. Þar segir að styrking á æskilegri hegðun og útrýming á óæskilegri hegðun sé háð virkri skilyrðingu sem getur birst í ýmsum myndum og að hegðun sem manneskjan sýnir sé afleiðing þjálfunar og náms. Kennslan er markviss, vel skipulögð og áhersla er lögð á síendurtekna þjálfun og utanbókarlærdóm. Ákveðnar reglur gilda og kennarar leiða nemendur í gegnum framkvæmd sem þeir boða og reyna þannig að móta hegðun nemenda með því að veita umbun fyrir að halda reglurnar og vinna verkefni á þann máta sem kennarinn leggur áherslu á. Kennsla byggð á atferliskenningunni er kennaramiðuð og kennarinn er í lykilhlutverki þegar markmið, náms- og kennsluefni og kennsluáferðir eru valin (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005).

## Hugsmíði- og atferlishyggja borin saman:

### **Hugsmíðakenning:**

Gagnvirk samskipti nemenda og kennara.

Nemendamiðað, virkir nemendur, námsval.

Merkingarbær viðfangsefni.

Innri hvöt.

Gagnrýnin hugsun og skilningur.

Sjálfsmat nemenda.

### **Atferliskenning:**

Kennarinn útskýrir og sýnir.

Kennaramiðað, fræðileg gæði.

Skýr markmið, ákveðið inntak.

Ytri hvöt, umbun.

Markviss þjálfun.

Samkvæmni, áreiðanleiki, mælingar.

Eins og ofangreindur samanburður á hugsmíða- og atferlishyggju sýnir er um greinilegan mun á áherslum og aðferðum að ræða. PALS verkefnin samræmast atferliskenningunni afdráttarlaust því þau bera með sér eftirherminám þar sem mistök eru leiðrétt um leið af kennara/þroskaþjálfara sem veitir umbun ef nemandinn fer eftir settum reglum og vinnur verkefnin á þann máta sem til er ætlast. Hins vegar teljum við PALS aðferðina sem slíka halla meira til félagslegrar hugsmíðahyggju en atferlishyggju að því leyttinu til að nám á sér stað í gegnum félagsleg tengsl í þörum. Þannig teljum við PALS aðferðina bæði eiga heima innan atferliskenningarinnar, þ.e. verkefnahlutinn, og hugsmíðakenningarinnar, þ.e. nám er einstaklingsbundið og á sér stað í gegnum félagslegt samspil milli jafnaldra með ákveðin verkefni.

## **Framkvæmd innleiðingarferlis**

Í september 2009 sótti starfsfólk elstu deildar Huldubergs ásamt tveim stjórnendum námskeið í PALS aðferðinni hjá Kristen L. MacMaster, en hún er prófessor í sérkennslufræðum við University of Minnesota. Þátttakendur þessa verkefnis munu því þjálfast í gegnum ákveðið þróunarferli. Handleiðsla og ráðgjöf er opin eftir óskum frá Huldu Karen Daníelsdóttur og Kristen L. MacMaster.

Það sem einkennir samvinnunám (PALS) af þessu tagi er að börnin leiðbeina og þjálfara hvort annað í gegnum hlutverk „þjálfara“ og „þess sem æfir sig“ ásamt þeirri félagsþjálfun sem felst í að skiptast á, bera virðingu fyrir og leiðbeina öðrum svo ekki sé minnst á að vinna með mismunandi einstaklingum því skipt er um meðlimi í paraskiptingu reglulega. Einnig fá þau

þjálfun í umburðarlyndi, víðsýni og náungakærleika ásamt því að efla samskiptafærni og vináttu eins og eitt markmiða Huldubergs kveður á um. Samkvæmt Osler (2001) eru nokkrir lykilþættir mikilvægir til að efla með barninu borgaralega hegðun og stuðla að lýðræðislegu uppeldi. Má þar nefna mikilvægi þess að barnið læri að skilja að það hefur ákveðinn rétt en jafnframt að önnur börn hafa líka réttindi. Einnig talar Osler um að barnið öðlist þekkingu á eigin sjálfi í gegnum samskipti við aðra sem virkur þátttakandi á eigin forsendum og fellur PALS aðferðin vel við þetta sjónarhorn því eins og fram hefur komið stuðla vinnubrögðin að því að efla með barninu samkennd með öðrum börnum og að barnið læri að viðurkenna þarfir annarra barna og geti leikið við þau (Osler, A., 2001).

Innleiðingarferli PALS aðferðarinnar í heild sinni verður einn vetur. Lestrarefni um PALS aðferðina og námsgögnum PALS stunda verður úthlutað til starfsmanna elstu barna deildarinnar og leikskólastjórnenda ásamt ítarefni sem hver og einn kynnir fyrir hinum í hópnum fyrstu átta vikunnar. Starfsfélagahóphandleiðsla (kollegaveiledning) og hlutverkaleikir (role play) eru þær aðferðir sem nýttar verða á tímabilinu. Áhersla okkar hér er því á fyrstu tvo mánuði innleiðingarferlisins þar sem leshringur og starfsfélagahandleiðsla eru í brennidepli ásamt kynningu og fræðslu til foreldra.

Starfsfélagahóphandleiðsla er að loknum vinnudegi (1-1.5 klst. í senn) einu sinni í viku. Handal og Lauvås (1992) segja handleiðslu vera aðferð sem notuð er við lausn vandamála og vera fyrir starfsfólk sem notar sig fyrst og fremst sem vinnutæki. Í þessu ferli er leiðbeint um vinnubrögð og við úrlausn vandamála sem upp kunna að koma og hefur þetta ferli ákveðinn ramma. Handal og Lauvås lýsa í bók sinni útfærslum nokkurra handleiðsluaðferða. Starfsfélagahóphandleiðsla er ein úrfærsla sem okkur finnst eiga vel við hér en í slíku handleiðsluformi er æskilegur fjöldi 6-8 manns. Ákveðið er í upphafi tímans hver tekur að sér að verða hópstjóri og í fyrstu æfingum er gott að hafa athuganda í hópnum sem fylgist með þróuninni í vinnuferlinu og því sem fram fer. Handleiðslan snýr að raunverulegu vandamáli sem lagt er fyrir hópinn. Málið á að meðhöndlust eins og viðkomandi upplifir það í starfi. Það er ekki almennt viðfangsefni sem tekið er til umræðu, heldur er um að ræða einstakling sem fær handleiðslu vegna skilgreinds vandamáls sem viðkomandi kynnir úr starfi (Handal, G., P. Lauvås og K. Lycke. 1992).

Á Huldubergi er starfandi foreldrafélagið Huldufólk sem stofnað var árið 2000. Foreldrafélagið hefur staðið að uppákomum fyrir börnin, t.d. vorferð, leiksýningum, staðið fyrir piparkökumálun á aðventunni ásamt fleiru. Safnað hefur verið í sjóð með því að senda út

gíróseðla. Reynt er að stilla upphæð í hóf og ekki markmið að safna fjármunum. Stjórn félagsins er skipuð 12 fulltrúum, tveimur frá hverri deild. Tilgangur með félaginu er að foreldrar fái innsýn í starfið á Huldubergi. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði þar sem málefni líðandi stundar eru rædd og oftast en ekki situr leikskólastjóri eða fulltrúi hans fundina (Heimasíða leikskólans Huldubergs. Foreldrafélagið, 2007).

Samkvæmt lögum um leikskóla sem tóku gildi árið 2008 er kveðið á um að kjósa skuli í foreldraráð. Í VI kafla 11. grein segir:

„Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi“.

Mikilvægt er því að gefa foreldrafélagi og foreldraráði Huldubergs tækifæri til að kynna sér PALS aðferðina. Foreldraviðtöl eru áætluð í febrúar/mars ár hvert í leikskólanum Huldubergi. Þar munu starfsmenn elstu barna deildar kynna verkefnið fyrir foreldrum og afhenda þeim stutta samantekt um PALS þar sem greinar og heimasíður er teknar fram fyrir þá foreldra sem vilja kynna sér aðferðina frekar. Rannsóknir hafa sýnt að víðtækur, vel skipulagður stuðningur við börn og fjölskyldur og öflugt samstarf skóla og heimilis skilar sér m.a. í betri námsárangri nemenda (Mittler, P., 1999).

Eftir foreldraviðtölin setja starfsmenn PALS stundir inn á dagsskipulag deildarinnar þrisvar í viku (mánudaga, miðvikudaga og föstudaga) 30 mínútur í senn. Starfsmenn kynna nýjan lið stundaskrár fyrir börnum elstu deildar Huldubergs í samverustund. Stundaskráin er sett upp í formi rit- og myndmáls. Eins og kunnugt er læra leikskólabörn í gegnum leik að spreyta sig, þau uppgötva hvers þau eru megnug og fyrir hvað þau standa. Þau læra að leika ein og leika saman, vera vinir og taka tillit til annarra. Börn sem hafa sterkan félags- og samskiptaþroska og góða tilfinningalega færni þegar í grunnskóla er komið eru vel í stakk búin til að takast á við nám sitt þar. Markvisst máluppeldi í leikskóla, þróun máls og lesþroska barnsins ásamt tengslum milli ritmáls og leiks er afar mikilvæg undirstaða fyrir nám í grunnskóla. Nám í leikskóla er góð og mikilvæg viðbót við m.a. þróun máls og lesþroska barnsins. Í leikskólastarfi er lögð áhersla á virka hlustun, endursögn og tjáningu, orðaforða og hugtakanám (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Allt gerist þetta í gegnum skapandi starf, þroskamiðaða nálgun og leiki, hvort sem um PALS stundir er að ræða eða annað því útfærslan snýst ekki um að börnin sitji endilega við borð. Útfærsla PALS stundanna verður í okkar

huga að miðast við óskir og þarfir barnanna hverju sinni þó að verkefnin séu fyrirfram ákveðin með einstaklingsþarfir í huga.

## Lokaorð

Eins og fram hefur komið starfar leikskólinn Hulduberg í grundvallaratriðum samkvæmt Framfarastefnu sem byggir á hugmyndafræði uppeldisfrömuðarins og heimspekingsins John Dewey. Hvergi er minnst á atferlistefnuna í yfirlýstum markmiðum leikskólans en eins og komið er inn á í kaflanum um kenningar er um tvíþættan kenningagrunn PALS aðferðarinnar að ræða. Umgjörð aðferðarinnar, þ.e. sá hluti sem hefur með samvinnunámsaðferðina að gera, er í anda Framfarasinna því leikskólinn skapar þannig lýðræðislegt samfélag þar sem mismunandi einstaklingar læra að lifa saman og hver einstaklingur leggur sitt af mörkum á sínum forsendum. En þar sem börnin fá stýrð og vel skipulögð verkefni úr PALS námskránni inní samvinnunámið er ekki annað hægt að segja, en að um atferlisnálgun sé að ræða í þeim efnum. Hvort stjórnendur Huldubergs hafi gert sér grein fyrir því þegar þeir tóku ákvörðun um að innleiða PALS aðferðina í leikskólastarfið er okkur íhugunarefni. Í sínu daglega starfi með börnunum er það skýr yfirlýsing leikskólans að uppeldi sé ferli þar sem barnið þroskast í samspili við umhverfi sitt til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu, ásamt því að barnið læri í samspili við þekkingu á umheimi sínum í gegnum skynfærin. Uppeldisumhverfi barnsins og sá efniviður sem það hefur í Huldubergi skiptir þ.a.l. sköpum en Dewey taldi námskrá ekki eiga að vera skapaða fyrirfram heldur ætti að byggja hana upp með tilliti til áhugasviðs barnsins. Þetta stangast á við PALS aðferðina því alls 20 stundir eru skipulagðar í PALS námsefninu og þeim stýrir kennarinn/þroskaþjálfinn út frá fræðilegum gæðum og fyrirfram ákveðnu inntaki.

Skólastarf ætti að vera í stöðugri þróun. Ný verkefni, hugmyndir og innleiðing nýrra og/eða breyttra starfshátta er það sem við teljum einn lykilþátt til aukinnar þróunar og starfsánægju í leikskólastarfi. Að taka þátt í þróunarverkefni sem þessu er áskorun en um leið tækifæri til að hrista starfsmannahóp saman og oft á tíðum upp úr viðjum vanans og út úr þægindahringnum. Hins vegar teljum við afar mikilvægt að stjórnendur og fræðsluyfirvöld sveitarfélaga ígrundi nýjungar með gagnrýnu hugarfari áður en tekin er ákvörðun um að innleiða nýja kennsluhætti og námsgögn. Með þessu erum við ekki að segja að PALS aðferðin sé ekki góð og gild, síður en svo. Okkur hefði hins vegar þótt mikilvægt að ofangreindir þættir, eins og t.d. atferlishyggjan í gegnum PALS verkefnin, væru þeim sem koma að máli meðvitaðra og skýrara.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999. Menntamálaráðuneytið: Reykjavík.

Allan, J., 2007. Rethinking Inclusive Education; The Philosophers of Difference in Practice. *Territories of Failure*. Holland: Springer.

Amalía Björnsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, 2002. *Hljóm - 2. Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Handbók*. Prentumsjón: Gutenberg.

Ballard, K., 2003. Including ourselves. Í J. Allan (ritstj.), *Inclusion, participation and democracy: What is the purpose?* Holland: Kluwer.

Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, 2007. Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli. *Fjölmennung á Íslandi*. Ritstj. Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Cummings, C., Dyson, A. og Millard, A., 2003. Participation and democracy: What's inclusion got to do with it? Í J. Allan (ritstj.), *Inclusion, participation and democracy: What is the purpose?* Holland: Kluwer.

Dewey, J., 1916. *Democracy and education: An introduction to the philosophy of education*. New York: Macmillan.

Dewey, J., 1897/1973. My pedagogic creed. Í John McDermott (ritstj.), *The philosophy of John Dewey*. Chicago: The University of Chicago.

Ferguson, D. L., Hafdís Guðjónsdóttir, Droege, C. A., Meyer, G., Lester, J. og Ralph G.: Þýtt og aðlagð Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 1999. *Skóli fyrir alla: Listin að kenna í mikið getublönduðum bekk*. Hafnarfjörður: H.G.

Ferguson, D. L., Ralph, G. og Sampson, N., 2002. From „Special” educators to educators. The case for mixed ability groups of teachers in restructured schools. Í W. Sailor (ritstj.), *Whole school success and Inclusive Education: Building Partnerships for Learning, Achievement and Accountability*. New York: Teachers College Press.

Ferguson, D., 2006. Kognition og Pædagogik nr. 60. 16.árg. *International trends in inclusive education: The continuing challenge to teach each one and everyone.*

Fuchs, D. og Fuchs S. L., 2005. The Journal of Special Education. *Peer-Assisted Learning Strategies. Promoting Word Recognition, Fluency and Reading Comprehension in Young Children.* Sótt 18.10.2009: <http://sed.sagepub.com/cgi/reprint/39/1/34>

Grétar L. Marinósson, 2007. Er skóli án aðgreiningar útskufyrirbæri? Tímaritið *Einstök börn – Í tilefni af 10 ára afmæli samtakanna.*

Grétar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2007. Kenningaleg sýn. Í Grétar L. Marinósson (ritstj.), *Tálmár og tækifæri.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Pétursdóttir, 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt.* Reykjavík: Hólar. Sótt 27.11. 2009 af: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/clim/samvinnunam.htm>

Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005. *Fagleg kennsla í fyrirrúmi.* Reykjavík: höfundar.

Handal, G., Lauvås, P. og Lycke, K., 1992. *Kollegaveiledning. Materiell til Bruk Ved Skoler Eller i Kommunale/Regionale Fellessamlinger.* Oslo: J. W. Cappelens Forlag As.

Heimasíða leikskólans Huldubergs, 2007. *Um leikskólann.* Sótt 18.10.2009 af: [http://hulduberg.dev2.stefna.is/default/page/um\\_leikskolann](http://hulduberg.dev2.stefna.is/default/page/um_leikskolann)

Heimasíða leikskólans Huldubergs, 2007. *Foreldrafélagið.* Sótt 18.10.2009 af: <http://hulduberg.dev2.stefna.is/foreldrafelagid/>

Heimasíða PALS aðferðarinnar. Sótt 18.10.2009 af: <http://kc.vanderbilt.edu/pals/>

Heimasíða U.S. Department of Education Institute of Education Sciences. Sótt 15.10.2009 af: [http://ies.ed.gov/ncee/WWC/reports/english\\_lang/pals/info.asp](http://ies.ed.gov/ncee/WWC/reports/english_lang/pals/info.asp)

Ingólfur Á. Jóhannesson, 2006. Strong, independent, able to learn more: inclusion and the construction of school students in Iceland as diagnosable subjects. *Discourse: Studies in the cultural politics of education.*, 27(1), 103-119.

Jóhanna Einarsdóttir, 2007. *Lítill börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Baldvin Hannesson og Rúnar Sigþórsson, 2000. "Mannrækt og menntun í skólum II." Sótt 27.11. 2009 af: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/clim/samvinnunam.htm>

Kluth, P., 2004. *Teaching students with autism in the inclusive classroom* (3. útgáfa). Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.

*Lög um leikskóla nr. 90/2008.*

McMaster, Kristen L., Cao, Marisa, Shu-Hsuan Kung og Insoon Han, 2008. *Exceptional Children*. Sótt 15.10.2009 af: <http://www.britannica.com/bps/additionalcontent/18/28095258/PeerAssisted-Learning-Strategies-A-Tier-1-Approach-to-Promoting-English-Learners-Response-to-Intervention>

Mittler, P., 1999. Equal opportunities – for whom? *British Journal of Special Education*, 26(1), 3-7.

Osler, A., 2001. Learning for active citizenship in Europe. Í: Ove Korsgaard, Walters and Andersen (ritstj.), *Learning for democratic citizenship*. Kaupmannahöfn: Association for World Education and the Danish University of Education.

Osler, A. og Starkey, H, 2005. *Changing citizenship: democracy and inclusion in education*. Maidenhead: Open University Press.

Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar. Sótt 17.11. 2009 af: <http://wp.khi.is/skolianadgreiningar/hvað-er-saa/>



Rix, J., 2003. A parents wish – list. Í M. Nind, Sheehy, K., Rix, J., Simmons, K. (ritstj.), *Inclusive Education: Diverse Perspectives*. Bretland: David Fulton Publishers.

Wolfgang, Edelstein, 2008. Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði? Hæfni og færni í draumalandinu. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfðanarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson, Ólöf Garðarsdóttir (ritstj.), *Menntaspor: Loftur Guttormsson sjötugur*. Reykjavík: Sögufélagið.